

Beiðni um skýrslu

frá félags- og tryggingamálaráðherra um fæðingar- og foreldraorlof.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, Þuríði Backman,
Guðbjarti Hannessyni, Sigurgeir Sindra Sigurgeirssyni, Lilju Mósesdóttur,
Örnu Láru Jónsdóttur, Pétri H. Blöndal og Ögmundi Jónassyni.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 46. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að félags- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um fæðingar- og foreldraorlof. Meðal þess sem óskað er eftir að fram komi í skýrslunni er eftirfarandi:

1. Upplýsingar um töku fæðingarorlofs eftir kyni og hvort, og þá hvaða, breytingar hafi orðið í þeim efnum á síðustu árum auk upplýsinga um áhrif fæðingarorlofs og fæðingarorlofskerfisins á jafnrétti á vinnumarkaði og launamun kynjanna.
2. Áhrif skerðingar á hámarksgreiðslur fæðingarorlofs,
 - a. úr 480 þús. kr. í 400 þús. kr., sbr. lög nr. 173/2008,
 - b. úr 400 þús. kr. í 350 þús. kr., sbr. lög nr. 70/2009,
 - c. úr 350 þús. kr. í 300 þús. kr., sbr. lög nr. 120/2009,á orlofstöku foreldra, m.a. með tilliti til
 - i. lengdar orlofs,
 - ii. kyns foreldris,
 - iii. tekna foreldris.
3. Upplýsingar um töku foreldraorlofs, m.a. með tilliti til:
 - a. kyns foreldris,
 - b. tekna foreldris,
 - c. aldurs barns.
4. Áhrif sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði á töku fæðingarorlofs, með tilliti til lengdar orlofsins, tekna foreldris eða kyns foreldris.
5. Hvernig staðið hefur verið að fjármögnun fæðingarorlofskerfisins hingað til.
6. Upplýsingar um núverandi og áætlaða fjárþörf Fæðingarorlofssjóðs sem og fjárþörf sjóðsins ef ekki hefði komið til þeirra skerðinga sem vísað er til í 2. lið beiðninnar.
7. Leiðir til að tryggja fjármögnun fæðingarorlofskerfisins.
8. Úttekt á því hvaða reglur gilda í nágrannalöndum um takmörkun á því að báðir foreldrar taki fæðingarorlof á sama tíma.
9. Yfirlit yfir í hversu miklum mæli foreldrar hér á landi taka fæðingarorlof á sama tíma.
10. Fjárhagsleg áhrif á Fæðingarorlofssjóð ef sá tími sem báðir foreldrar geta verið í fæðingarorlofi á sama tíma yrði takmarkaður.
11. Upplýsingar um hvort unnið sé að áframhaldandi þróun fæðingar- og foreldraorlofs út frá sjónarhorni barnsins.

Greinargerð.

Alþingi samþykkti þann 18. desember sl. breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, sbr. lög nr. 120/2009. Í nefndaráliti meiri hluta félags- og tryggingamálanefndar málið eru tiltekin nokkur atriði sem rædd voru í nefndinni og ástæða þótti til að kanna nánar. Í álitum bæði minni hluta og meiri hluta nefndarinnar má einnig lesa áhyggjur nefndarmanna af frekari skerðingu á orlofinu og hvaða áhrif þær geti haft á fæðingarorlofskerfið og launamun kynjanna. Þá liggja enn ekki fyrir upplýsingar um áhrif þeirra aðgerða og skerðinga sem þegar hefur verið gripið til á töku orlofs og jafnréttisgrundvöll fæðingarorlofskerfisins. Af þessum sökum óskar félags- og tryggingamálanefnd eftir því að félags- og tryggingamálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um fæðingar- og foreldraorlof þar sem m.a. verði tilteknar almennar upplýsingar um töku fæðingarorlofs á undanförunum árum, auk þess sem þar komi fram upplýsingar um áhrif fæðingarorlofskerfisins á vinnumarkað, launamun kynjanna og jafnrétti.

Þá er þess óskað að farið verði yfir áhrif þeirra skerðinga sem þegar hafa verið gerðar á töku fæðingarorlofs foreldra á síðustu missirum og hvort breytingar hafi orðið þar á sem rekja megi til skerðinganna. Er sérstaklega beðið um að skoðaðir verði ákveðnir þættir, þ.e. lengd orlofsins, kyn foreldris og tekjur. Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að fá upplýsingar um töku foreldraorlofs, hvort algennt sé að foreldrar taki slíkt orlof, hversu gamalt barn sé ef og þegar foreldraorlof er tekið og hvort einstakir þættir ráði einhverju um töku orlofsins, svo sem kyn foreldris og tekjur. Enn fremur væri áhugavert að vita hvort verið sé að skoða hvernig fæðingar- og foreldraorlof ásamt framlagi sveitarfélaga og atbeina vinnuveitenda geti lengt þann tíma sem börn geta verið heima í umsjón foreldra sinna án fjárhagslegra fóna fjölskyldunnar.

Þá er óskað eftir því að í skýrslunni verði skoðað hvort ástand á vinnumarkaði í kjölfar efnahagshrunsins hafi haft áhrif á töku fæðingarorlofs og hvort merkja megi breytingar á lengd orlofs eða hvort dregið hafi úr töku orlofs hjá ákveðnum tekjuhópi eða kyni. Nefndin óskar jafnframt eftir því að í skýrslunni komi fram upplýsingar um fjárþörf Fæðingarorlofs-sjóðs sem og hver fjárþörfin hefði verið ef ekki hefði komið til skerðinga. Þá verði farið yfir fjármögnun Fæðingarorlofs-sjóðs.

Auk framangreinds er þess m.a. óskað að skoðuð verði samtímis taka fæðingarorlofs hjá foreldrum. Hvað þennan síðasttalda þátt varðar telur nefndin rétt að skoðuð verði löggjöf nágrannaríkja og hvort þar séu í gildi reglur sem takmarka skörun fæðingarorlofs hjá foreldrum. Þá verði metin þörf á slíkum reglum hér á landi, m.a. á grundvelli fjárhagslegra áhrifa slíkra reglna á Fæðingarorlofs-sjóð.